

Tillaga til 416. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 12. apríl 2018

Tillaga 495. fundar skipulags- og mannvirkjanefndar frá 11. apríl sl. um að samþykkja niðurstöðu nefndarinnar varðandi útgáfu framkvæmdaleyfis og niðurstöðu umhverfismats.

1. Úlfsá - Umsókn um framkvæmdaleyfi - 2018030010

Birkir Guðmundsson sækir um framkvæmdaleyfi f.h. AB-Fasteigna, sótt er um heimild til þess að reisa allt að 200 kW sírennslisvirkjun við Úlfsá í Dagverðardal. Fylgigögn eru undirrituð umsókn dags. 19.03.2018, hnitsettur uppdráttur frá KJ.- Hönnun dags. 22.02.2018 ásamt greinargerð. Aðaluppdrættir frá KJ. Hönnun ehf. vegna stöðvarhúss dags. 28.11.2017, séruppdrættir vegna stöðvarhúss frá KJ. Hönnun ehf. dags. 19.09.2017, Aðrir séruppdrættir frá framleiðanda er varða vélbúnað og fallpípu og inntaksmannvirki. Samningur milli AB fasteigna og Ísafjarðarbæjar. Undirrituð staðfesting Orkubús Vestfjarða um samning vegna tengingar við raforkukerfi OV.

Staðfesting Erlu Björk Þorgeirsdóttur, f.h. Orkustofnunar um móttöku umsóknar um virkjanaleyfi vegna Úlfsárvirkjunar skv. tölvupósti frá Orkustofnun dags. 04.04.2018. Umsögn Orkustofnunar dags. 20.03.2018. Umsögn Minjastofnunar dags. 13.03.2018, Fiskistofa skilaði ekki inn umsögn.

Tilkynning framkvæmdaraðila til bæjaryfirvalda um framkvæmd í flokki C flokki skv. Lögum um mat á umhverfisáhrifum dags. 19.03.2018 þar sem óskað er eftir því við bæjaryfirvöld, að tekin verði afstaða til þess hvort framkvæmdin sé háð mati á umhverfisáhrifum í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 hefur skipulags- og mannvirkjanefnd Ísafjarðarbæjar farið yfir tilkynningu framkvæmdaraðila og umsagnir Minjastofnunar dags. 13.03.2018 og Orkustofnunar dags. 20.03.2018, með vísan í umsagnir og sniðmát Skipulagsstofnunnar um framkvæmdir í C- flokki, og er niðurstaða skipulags- og mannvirkjanefndar Ísafjarðarbæjar að Úlfsárvirkjun sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. viðmið í 2. viðauka laga nr. 106/2000. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Nefndin leggur til við bæjarstjórn að samþykkja þá niðurstöðu.

Nefndin telur jafnframt að ekki þurfi að grenndarkynna framkvæmd með vísan í 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga þar sem umrædd framkvæmd hefur ekki áhrif á aðra hagsmunaaðila en landeiganda þ.e. Ísafjarðarbæ. Nefndin leggur til við bæjarstjórn að heimila útgáfu framkvæmdaleyfis, upphaf framkvæmda á framkvæmdasvæði skal vera í samráði við Minjastofnun. Frágangur skal vera í samráði við Tæknideild Ísafjarðarbæjar.